

## Tillaga til 482. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. október 2021

Tillaga frá 1170. fundi bæjarráðs, sem fram fór 4. október 2021, um að bæjarstjórn samþykki tillögu um að útsvar ársins 2022 verði óbreytt frá árinu 2021, eða 14,52%.

### 9. Álagningarhlutfall útsvars og fasteignaskatta 2022 - 2021070013

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 1. október 2021, þar sem lagt er til að útvar 2022 verði óbreytt 14,52%.

Jafnframt lögð fram á nýjan leik minnisblöð Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 15. júlí 2021 og 7. júlí 2021, ásamt fylgiskjölum vegna fasteignagjalda í Ísafjarðarbæ, ásamt nýju skjali með samanburðartölum.

Bæjarráð vísar tillögu bæjarstjóra um útsvar 2022 til samþykktar í bæjarstjórn.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna frekar að tillögum um fasteignagjöld ársins 2022, og leggja aftur fyrir bæjarráð.*